

ENDURNÝJUN FOSSÁRVIRKJUNAR Í ENGIDAL, ÍSAFJARÐARBÆ

Ákvörðun um matsskyldu

NIÐURSTAÐA

Það er niðurstaða Skipulagsstofnunar að endurnýjun Fossárvirkjunar í Engidal, Ísafjarðarbæ sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun veur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar framkvæmdaleyfi Ísafjarðarbæjar skv. skv. 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og framkvæmdaleyfisreglugerð nr. 772/2012, leyfi Orkustofnunar skv. 4 .gr. raforkulaga nr. 65/2003 og heimild Fiskistofu í samræmi við 33. grein laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði. Áður en framkvæmdaleyfi er veitt þarf að liggja fyrir deiliskipulag af framkvæmdasvæðinu. Bent er á að það er háð lögum nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að Orkubú Vestfjarða og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisáðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins og vöktun á aðgerðum og áhrifum.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 4. mars 2013.

Skipulagsstofnun

INNGANGUR

Þann 12. desember 2012 tilkynnti Orkubú Vestfjarða ohf. til Skipulagsstofnunar endurnýjun Fossárvirkjunar í Engidal, Ísafjarðarbæ, samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. og lið 13 a í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits Ísafjarðarbæjar, Fiskistofu, Minjastofnunar Íslands, Orkustofnunar, Umhverfisstofnunar og Veðurstofu Íslands.

Umsagnir bárust frá Ísafjarðarbæ með bréfi dags. 18. nóvember 2012, Fiskisstofu með bréfi dags. 2. janúar 2013, Minjastofnun Íslands með bréfi dags. 15. janúar 2013, Orkustofnun með bréfi dags. 7. janúar 2013, Umhverfisstofnun með bréfi dags. 10. janúar 2013 og Veðurstofu Íslands með bréfi dags. 7. janúar 2013. Frekri upplýsingar bárust frá Orkubúi Vestfjarða ohf. með bréfi dags. 29. janúar 2013.

FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARADILA

Fyrirhuguð framkvæmd. Fram kemur að endurnýjun Fossárvirkjunar felist í byggingu nýs stöðvarhúss, neðar í dalnum en núverandi stöðvarhús, auk endurnýjunar vélakosts og lagningu nýrrar þrýstivatnspípu. Virkjað rennsli fari úr 280 l/s í 450 l/s og fallhæðin úr 308 m í 324 m. Með þessu muni rekstraröryggi virkjunarinnar aukast og heildarafl úr 597 kW í 1173 kW og þar með minnki líkur á því að keyra þurfi díselvélar ef línur í meginflutningskerfi Landsnets til Vestfjarða og Ísafjarðar bili.

Fram kemur að nýja stöðvarhúsið verði staðsett við Langá í Engidal, um 600 m neðar (norðar) en núverandi stöðvarhús. Engar breytingar verði gerðar á fyrirbyggjandi byggingum og gamla Fossavatnsvélin í núverandi stöðvarhúsi verði notuð sem varavél ef á þurfi að halda.

Fram kemur að lögð verði ný, niðurgrafin, þrýstivatnspípa frá Fossavatni niður að Langá í Engidal, sem muni liggja í minni halla en núverandi pípa og því verði aðgengi fyrir gröfu að pípustæðinu auðveldara og rask minna en í meiri bratta. Núverandi þrýstivatnspípa verði ekki fjarlægð í þessari framkvæmd.

Fram kemur að lagður verði nýr háspennustrengur í jörðu frá fyrirhuguðu stöðvarhúsi og að núverandi háspennustrengur sem liggja út Engidal en engar breytingar verði á núverandi strengjum. Vegslóði sem liggja upp að Fossavatni verði lagfærður þar sem þurfa þykir, m.a. til að fyrirbyggja vatnsrof. Engar breytingar verði gerðar á stíflu eða miðlunarlóni virkjunarinnar í Fossavatni.

Áhrif á núverandi landnotkun. Fram kemur að framkvæmdin sé á svæði sem sé skilgreint að hluta til sem landbúnaðarsvæði í aðalskipulagi, en hún sé utan ræktaðs lands. Framkvæmdin kunni að hafa einhver áhrif á útivist á framkvæmdatíma. Framkvæmdin muni ekki skerða aðra nýtingarmöguleika sem aðalskipulag geri ráð fyrir á svæðinu.

Áhrif á landslag. Fram kemur að í næsta nágrenni við jörðina Fossa setji landbúnaður og Fossárvirkjun, einkum byggingarnar, mestan svip á búsetulandslagið. Vegurinn inn Engidal, að Fossum og vegslóðin upp að Fossavatni séu einnig einkennandi í landslaginu. Gera megi ráð fyrir að pípuleiðin verði sýnilegri frá þéttbýli Ísafjarðar eftir því sem hún liggja meira í sjónlínustefnu. Á framkvæmdartíma megi gera ráð fyrir talsverðu raski við pípustæðið og mikilvægt sé að vanda til verka við frágang og gæta þess að vatnsrennsli valdi ekki rofi, hvorki á framkvæmdatíma né til lengri tíma litið. Heildaráhrif á landslag í dalnum verði óveruleg.

Áhrif á vatnafar. Fram kemur að virkjað rennsli úr Fossárvatni verði allt að 450 l/s í stað 280 l/s og muni vatn í Fossá því minnka.

Áhrif á dýralíf. Fram kemur að með fyrirhuguðum framkvæmdum muni Fossá renna í Langá um 600 m neðar en í dag eða um 300 m neðan við náttúruleg ármót Fossár og Langár. Neðan fyrirhugaðs stöðvarhúss verði engar breytingar á vatnafari og því muni sama vatnsmagn renna til sjávar og áður. Hugsanleg áhrif framkvæmdanna á fiska kunni að verða vegna fyrrnefndra vatnaflutninga. Slík áhrif verði óveruleg þar sem rennsli Langár muni aðeins breytast lítillega á stuttum kafla. Samkvæmt niðurstöðum Náttúrustofu Vestfjarða muni færsla þrýstivatnspípunnar líklega engin áhrif hafa á fuglalíf þar sem framkvæmdarsvæðið sé lítið. Straumönd sé eina tegundin á valista sem hafi sést á svæðinu. Hún gæti orpið hvar sem er upp með Langá og í kringum Fossavatn.

Áhrif á gróður. Fram kemur að fyrirhugað stöðvarhús muni rísa á mörkum graslendis og mýrlendis og gera megi ráð fyrir að mýrin muni skerðast lítillega vegna byggingar stöðvarhússins. Þrýstivatnspípa muni að mestu liggja um lyngmóa, graslendi og mýri. Efst sé einkum lyngmói og graslendi, um miðbikið þar sem vegslóðinn liggja vestan Fossár, sé lyngmói mest einkennandi en einnig séu þar mýrarsvæði. Á neðsta hluta pípastæðisins sé einkum mýri og lyngmói. Samkvæmt álit Náttúrustofu Vestfjarða verði rask vegna lagningar þrýstivatnspípunnar aðallega tímabundið og m.a. háð veðurfari en reikna megi með minna raski í þurrkatíð. Reynt verði að leggja pípu á fyrri hluta sumars en þá sé almennt mjög lítil úrkoma á svæðinu og jarðvegur þurr. Framkvæmdarsvæðið við þrýstivatnspípuna verði um 8 m breitt þar af verði um 3,5 m belti fyrir uppmokstur sem muni liggja þar tímabundið, þ.m.t. svarðlagið. Svarðlagið verði notað við frágang á yfirborði þegar fyllt hafi verið í skurðinn.

Áhrif á menningarmínjar. Fram kemur að mínjar á áhrifasvæði framkvæmdarinnar hafi verið skráðar og stöðvarhús staðsett með tilliti til þess að mínjum verði ekki raskað. Þrýstivatnspípan muni þvera veg eða bæjartröð og séu það einu mínjarnar sem framkvæmdin hafi áhrif á.

Náttúruvá. Fram kemur að unnið hafi verið af Veðurstofu Íslands staðbundið hættumat sem byggði á greiningu á staðháttum, snjóflóðasögu og líkanreikningum. Sett hafi verið fram líkleg lega jafnáhættulína í nágrenni fyrrgreinds (ysta mögulega) byggingareits en tekið fram að ekki séu festar í gildi formlegar hættulínur á svæðinu. Út frá þessu mati hafi verið hægt að ákvarða heppilega staðsetningu fyrir stöðvarhúsið.

Samræmi við skipulagsáætlanir. Fram kemur að framkvæmdin sé í samræmi við Aðalskipulag Ísafjarðarbæjar 2008-2020 en í því komi m.a. fram að gert sé ráð fyrir endurbótum og endurnýjun mannvirkja virkjunarinnar í samræmi við verndarmarkmið skipulagsins. Vinna við gerð deiliskipulags sé hafin.

Tilgangur framkvæmdarinnar er að endurnýja búnað og mannvirki Fossárvirkjunar og auka rekstraröryggi virkjunarinnar.

ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG VIÐBRÖGÐ FRAMKVÆMDARAÐILA

Almennt. Fram kemur í umsögnum Ísafjarðarbæjar, Fiskistofu, Minjastofnunar Íslands, Orkustofnunar, Umhverfisstofnunar og Veðurstofu Íslands það álit að fyrirhugaðar framkvæmdir skuli ekki háðar mati á umhverfisáhrifum.

Í umsögn Ísafjarðarbæjar eru ekki gerðar athugasemdir við framkvæmdina.

Í umsögn Orkustofnunar kemur fram það álit að áhrif framkvæmdarinnar á umhverfið verði óveruleg. Stofnunin bendir á að fyrirhuguð breyting á virkjuninni falli undir 4 .gr. raforkulaga nr. 65/2003 og leyfi Orkustofnunar.

Í umsögn Fiskistofu er bent á að framkvæmdaaðili þurfi að leita eftir heimild Fiskistofu í samræmi við 33. grein laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði m. s. b. vegna breytinga sem verði á rennsli vegna tilflutning á þrýstivatnspípu. Framkvæmdaraðili þurfi í tengslum við þá

leyfisveitingu að leita eftir umsögn Veiðimálastofnunar eða Náttúrustofu Vestfjarða, um áhrif tilfærslunnar á fiskstofna svæðisins. Umsögn Veiðimálastofnunar, dags 23. janúar 2013, barst Skipulagsstofnun frá framkvæmdaraðila þann 25. janúar 2013. Þar kemur m.a. fram að engar vettvangsrannsóknir hafi verið framkvæmdar á búsvæðum og lífríki Langár, sjóbleikja gangi upp í ána, veiði á henni sé sennilega einhverjir tugir á ári, svo og lax og veiði hans sé sennilega 10-15 laxar á ári hin síðari ár, en veiði sé hvergi skráð. Veiðimálastofnun mælir með vettvangsathugunum sem þurfi að fara fram á tímabilinu frá vori til hausts.

Í svörum Orkubús Vestfjarða eru studd þau sjónarmið sem fram koma í álitum Veiðimálastofnunar enda mikilvægt að framkvæmdin hafi eins lítil umhverfisáhrif og kostur er. Hins vegar er bent á mikilvægi þess að niðurstöður vettvangsrannsókna liggja fyrir eins fljótt og hægt er þannig að framkvæmdir geti hafist seint í vor, eða snemma sumars, eins og áætlanir gera ráð fyrir.

Í umsögn Umhverfisstofnunar er bent á að helstu áhrif framkvæmdarinnar verði af lagningu þrýstipípunnar en í tilkynningarskýrslu sé lögð mikil áhersla á verklag og frágang við lagningu hennar og telur stofnunin það verklag sem kynnt er vera til fyrirmyndar. Ef unnt verði að forðast vatnsrof og ef svarðlag verði nýtt til frágangs og uppgræðslu eins og ráð er fyrir gert, ættu helstu áhrif framkvæmdarinnar að verða neikvæð sjónræn áhrif á meðan raskað svæði sé að gróa upp.

Í umsögn Minjastofnunar Íslands er bent á að þrýstivatnspípan muni þvera gamlan veg, bæjartröð (nr. 150.14), sem hafi verið skráður og lega hans færð inn á loftmynd. Ekki þurfi að grípa til frekari mótvægisáðgerða vegna vegarins. Þá muni þrýstivatnspípan liggja suðvestan við tóft (nr. 150:007) sem þurfi að merkja á meðan á framkvæmdum standi til þess að koma í veg fyrir að hún raskist af vangá. Einnig þurfi að gera verktökum grein fyrir legu annarra fornleifa á svæðinu í sama tilgangi.

Í svörum Orkubús Vestfjarða er tekið undir þau sjónarmið sem koma fram í umsögn Minjastofnunar m.a. um að verja þurfi nefnda tóft og gera verktökum grein fyrir legu annarra fornleifa á svæðinu.

Í umsögn Veðurstofu Íslands kemur fram að samkvæmt þeim gögnum sem fyrir liggja um framkvæmdina sé fullt tillit tekið til niðurstöðu ofanflóðahættumats og þeirra tillagna sem þar voru settar fram.

Í svörum Orkubús Vestfjarða er bent á að í ljósi nýrra atburða og gagna þá telji Veðurstofa Íslands vert að endurskoða staðbundið hættumat sem gert var fyrir framkvæmdasvæðið. Orkubú Vestfjarða gerir þó ráð fyrir að hægt verði, eftir sem áður, að byggja stöðvarhúsið á svipuðum slóðum en með einhverjum útfærslum þannig að hægt verði að taka tillit til þessa uppfærða hættumats.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða endurnýjun Fossárvirkjunar sem felst í byggingu nýs stöðvarhúss neðar í dalnum en núverandi stöðvarhús, auk endurnýjunar vélakosts og lagningu nýrrar þrýstivatnspípu. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og tölulíð 13 a í 2. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b.

Skipulagsstofnun telur að neikvæð áhrif á núverandi landnotkun verði óveruleg þar sem framkvæmdin hindri ekki aðra núverandi landnotkun, landbúnað og útivist.

Skipulagsstofnun tekur undir það sem fram kemur í tilkynningu og umsögn Umhverfisstofnunar um að á framkvæmdartíma megi gera ráð fyrir talsverðu raski við lagningu þrýstivatnspípunnar. Einnig er tekið undir mikilvægi þess að vinna við lagningu pípunnar fari fram þegar jarðvegur er sem þurrastur, jarðrask lágmarkað og vandað til verka

við frágang. Gæta þarf þess að vatnsrennsli valdi ekki rofi, hvorki á framkvæmdatíma né til lengri tíma litið. Skipulagsstofnun telur að til lengri tíma litið verði heildaráhrif á landslag í dalnum óveruleg.

Skipulagsstofnun telur að miðað við fyrirbyggjandi upplýsingar kunni framkvæmdin að hafa einhver áhrif á afkomu fisks í Langá, en þar sem rennsli árinna muni aðeins breytast lítillega á stuttum kafla, séu líkur á að þau áhrif verði ekki veruleg og ekki miklir veiðihagsmunir í húfi. Bent er á að það er Fiskistofu að taka ákvarðanir um frekari vettvangsathuganir í tengslum við leyfisveitingu vegna framkvæmdarinnar.

Skipulagsstofnun tekur undir álit Náttúrustofu Vestfjarða um að líklega muni framkvæmdin ekki hafa áhrif á fuglalíf þar sem framkvæmdasvæðið sé lítið.

Skipulagsstofnun telur að áhrif framkvæmdarinnar á gróður verði nokkur á framkvæmdatíma en til lengri tíma litið verði þau ekki veruleg. Það byggist á því verklagi sem kynnt er, sem felst í því að framkvæmdin fari fram fyrrihluta sumars þegar úrkoma er almennt lítil og jarðvegur þurr svo og að svarðlag úr skurði fyrir þrýstivatnspípu verði notað við frágang yfirborðs þegar fyllt verður yfir pípu.

Skipulagsstofnun telur að áhrif á menningarminjar verði óveruleg en tekur undir álit Minjastofnunar Íslands um að minjar í nágrenni framkvæmdasvæðisins verði merktar á framkvæmdatíma og verktökum gerð grein fyrir legu fornleifa á svæðinu. Ennfremur er minnt á ákvæði 21. gr. laga nr. 80/2012 um menningarminjar.

Skipulagsstofnun telur að í ljósi ábendingar Veðurstofu Íslands, um að endurskoða þurfi staðbundið hættumat sem gert var fyrir framkvæmdasvæðið, sé nokkur óvissa um hvort mannvirki virkjunarinnar, einkum stöðvarhús, verði í hættu vegna ofanflóða. Stofnunin bendir á að tekið verði á því nánar í ferli deiliskipulags, svo sem nánari staðsetningu og útfærslu á hönnun stöðvarhúss og niðurstaða þurfi að liggja fyrir áður en framkvæmdaleyfi verður veitt.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu Orkubús Vestfjarða ohf. við tilkynningu, umsagnir og viðbrögð Orkubús Vestfjarða ohf. vegna þeirra. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að endurnýjun Fossárvirkjunar í Engidal, Ísafjarðarbæ, sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar framkvæmdaleyfi Ísafjarðarbæjar skv. 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og framkvæmdaleyfisreglugerð nr. 772/2012, leyfi Orkustofnunar skv. 4. gr. raforkulaga nr. 65/2003 og heimild Fiskistofu í samræmi við 33. grein laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði. Áður en framkvæmdaleyfi er veitt þarf að liggja fyrir deiliskipulag af framkvæmdasvæðinu. Bent er á að það er háð lögum nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana og að nýta megi við gerð umhverfisskýrslu þau gögn sem hér hafa verið lögð fram.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að Orkubú Vestfjarða og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisáðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins og vöktun á aðgerðum og áhrifum. Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 4. mars 2013.